ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

NESJAVELLIR

Þættir af ummyndun í jarðhitakerfi

Hjalti Franzson

Samvinnuverk Orkustofnunar og Hitaveitu Reykjavíkur

OS-94021/JHD-06 Mars 1994

ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 730 006

NESJAVELLIR

Þættir af ummyndun í jarðhitakerfi

Hjalti Franzson

Samvinnuverk Orkustofnunar og Hitaveitu Reykjavíkur

OS-94021/JHD-06 Mars 1994

ISBN 9979-827-45-9

ÁGRIP

Þessi skýrsla fjallar um túlkun á hluta þeirra gagna sem safnað hefur verið um ummyndun í jarðhitakerfi Nesjavalla. Athugun á ummyndun glers í berginu bendir til að gler geti haldist að einhverju leyti ferskt niður undir efri skil blandlagabeltis. Háhitaummyndun plagíóklasa hefst með leirsprungumyndun við efri mörk blandlagabeltis. Við efri mörk klórítbeltis verður fyrst vart við ummyndun plagíóklasa yfir í albít. Ummyndun málmsteinda í sphen hefst einnig við efri mörk klórítbeltis. Kristalgerð leirs í holrými bergsins er hitaháð. Þannig einkennir leirskán holrými í efri hluta smektít-zeólítabeltis, fínfjaðra leir í miðhluta og í neðri hluta sama beltis verður leirinn gróffjaðra. Við efri mörk blandlagabeltis verður leirinn, í þunnsneið séð, háp-leókróískur, og við efri skil á klórítbelti verður vart við daufpleókróískan leir. Af athugun á röðun útfellinga í holrými má kanna hvernig jarðhitakerfið á Nesjavöllum hefur þróast í tímans rás. Greina má meðal annars allt að fjögur tímabil háhitavirkni, og eru settar fram hugmyndir að tímasetningu þeirra. Samanburður á ummyndunarhita og berghita bendir til að hluti jarðhita-kerfisins sé að hitna meðan aðrir hlutar kerfisins eru að kólna.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP 2

1. INNGANGUR 5

2. BERGUMMYNDUN 5
   2.1 Ummyndun glers 7
   2.2 Ummyndun plagíóklasa 7
   2.3 Ummyndun málmsteinda 8

3. KRISTÖLLUN LEIRS Í HOLRÝMI 13

4. TÍMASKEIÐ Í JARÐHITAKERFINU 19
   4.1 Þróun jarðhitakerfis 19
   4.2 Frávik í röðun útfellinga 22

5. SAMANBURÐUR UMMYNDUNAR OG BERGHITA 24

6. UMRÆÐA 28

7. HELZTU NIÐURSTÖÐUR 31

8. FREKARI RANNSÓKNIR 32

9. HEIMILDASKRÁ 33

VIÐAUKI: Tafla 2. Röðun útfellinga í holrými 37

MYNDIR

1. Staðsetning borhola og sniðlínur 6
2. Sniðlína A-A'. Ummyndunarbelti og bergummyndun 10
3. Sniðlína B-B'. Ummyndunarbelti og bergummyndun 11
4. Sniðlína C-C'. Ummyndunarbelti og bergummyndun 12
5. Sniðlína D-D'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og bergummyndun. Samanburður ummyndunar og berghita og kalsítummyndun bergs 15
6. Sniðlína A-A'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs 16
7. Sniðlína B-B'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs 17
8. Sniðlína C-C'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs 18
9. Þróun jarðhitakerfisins á Nesjavöllum 23
10. Sniðlína A-A'. Samanburður ummyndunar- og berghita, og kalsítummyndun bergs 25
11. Sniðlína B-B'. Samanburður ummyndunar og berghita, og kalsít-ummyndun bergs 26
12. Sniðlína C-C'. Samanburður ummyndunar- og berghita, og kalsítummyndun bergs 27
13. Tengsl bergummyndunar og kristöllunar leirs við ummyndunarbelti 30

TÖFLUR

1. Lagskipting leirs í holu 6 14
2. Tímaröðun steinda í holrými í borholum (í viðauka)
3. Ummyndun zeólíta 21

1. INNGANGUR

Í samantektarskýrslu um jarðfræði jarðhitakerfisins á Nesjavöllum (Hjalti Franzson 1988) var fjallað að meginhluta um eðli lektar í berggrunninum á jarðfræðilegum forsendum. Í þeirri umfjöllun voru niðurstöður athugana á ummyndun bergsins hafðar til hliðsjónar. Hér er ætlunin að bera á borð nokkuð af þeim ummyndunargögnum sem skýra og auka við fyrri túlkun. Umfjöllun einskorðast við núverandi gagnasafn, en frekari greiningar og endurskoðun eða endurtekning greininga til að fylgja eftir og sannreyna hugmyndir biða betri tíma. Gögnin hafa verið tekin úr þeim skýrslum sem gefnar hafa verið út um jarðhitakerfið á Nesjavöllum, og er skrá yfir þær skýrslur í heimildalista. Töluverður hluti gagnanna kemur úr frumgagnasafni hverrar holu.

Skýrslunni er skipt í 8 kafla. Í kafla 2 er bergummyndun lýst, sérstaklega hvernig ummyndun plagíóklasa, málmsteinda og glers tengist inn í stöðluð ummyndunarbelti. Í þriðja kaflanum eru sett fram ýmis ummyndunargögn sem safnað hefur verið á Nesjavöllum en ekki unnist tími til að vinna úr og útfæra frekar. Einkum er um að ræða lýsingar á kristöllun leirs samkvæmt þunnsneiðum og svarfi. Í kafla 4 er fjallað um og endurskoðuð tímaröðun steinda í holrými bergs og sett fram heildarmynd af þróun jarðhitakerfisins á Nesjavöllum. Í 5. kafla er gerður samanburður á mældum berghita og ummyndunarhita og kortlögð þau svæði þar sem misræmis verður vart. Nokkur atriði eru krufin frekar í umræðukafla (6) og helstu niðurstöður eru settar fram í kafla 7. Tillögur að frekari rannsóknum eru síðan raktar í kafla 8.

2. BERGUMMYNDUN

Ummyndun bergs er háð aldri þess, poruhluta, lekt og hita. Ummyndun upphleðslubergs (gosbergs) eykst er neðar kemur í berglagastaflann, en innskot, sem eru bæði yngri og yfirleitt mun þéttari bergeiningar en gosbergið sem það treðst inn í, hafa ummyndazt minna. Á Nesjavöllum eykst fjöldi innskota er neðar dregur í berglagastaflann, og nálgast 100% á um 2000 m dýpi. Svipuð aukning innskota með dýpi hefur komið fram á öðrum háhitasvæðum. Athuganir, sem meðal annars hafa verið gerðar í holu 17 á Nesjavöllum, staðfesta að innskotin eru mun ferskari en gosbergið sem það treðst inn í. Berg neðst í holu 11, þar sem hæstur hiti hefur fundist á Nesjavallasvæðinu (>380°C), er ráðandi innskot, og er ummyndun þar takmörkuð (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1990).

Gögnin, sem safnað hefur verið saman í þessa skýrslu og varða bergummyndun og leirkristöllun, hafa flest verið sett inn á þversnið og eru sniðlínur sýndar á mynd 1. Ummyndunarbelti sem sýnd eru í þversniðunum (myndir 2-8 og 10-12) eru tekin nær óbreytt úr skýrslu Hjalta Franzsonar (1988), nema ummyndunarbelti eftir sniðlínu D-D' (mynd 5) sem gert var sérstaklega í þessu verki.

Stærð og lega vatnsæða hefur einnig verið felld inn í sniðin á myndum 5-8 og 10-12. Áhrif vatnsæða á skil ummyndunarbelta eru ótvíræð og finnast þær gjarnan nærri beltaskilum og í mjóum ummyndunarrásum í efri hluta berglagastaflans. Þær lýsa þar með ástandi upphitunar og aukinnar ummyndunar, og ekki sízt nánum skyldleika ummyndunar við núverandi vatnslekt. Athyglisverð frávik eru þó á þeirri reglu því engar vísbendingar eru um vatnsæðar við beltaskil ofan epidót-amfíból beltis í holu 10, og við blandlagaskilin í holum 17 og 12. Þessar þrjár holur liggja allar við jaðra jarðhitakerfisins. Ekki er ljóst af hverju engar vatnsæðar sjást á þessum skilum.



Mynd 1. Staðsetning borhola og sniðlína.

Bergummyndun hefur kerfisbundið verið athuguð í holum 6, 7, 8, 9, 12 og 17, en minna í öðrum holum. Meiri áherzla var lögð á ummyndun gosbergsins en innskotsbergsins. Helst var athuguð ummyndun glers, plagíóklasa og sums staðar ummyndun magnetíts (sjá myndir 2-5). Athugun á ummyndun ólivíns og pýroxens var þeim annmörkum háð að það fyrrnefnda reyndist ekki nægilega algengt til að unnt væri að fylgja breytingum eftir samfellt niður í berggrunninn. Ummyndun ólivíns virðist þó svipuð og glers. Ummyndun pýroxens er fremur ógreinileg í þunnsneiðum þar eð hún virðist koma smám saman og dreifast sem smá leiragnir um allan kristallinn og fá þannig með aukinni ummyndun stigvaxandi þokukenndan blæ. Ummyndun pýroxens virðist í heildina tekið vera ámóta og plagíóklasa, og var þess vegna, líkt og með ólivín, ekki lögð áherzla á að fylgja henni nánar eftir hér. Þó er vert að minnast á áhugaverða ummyndun pýroxens í grófkristölluðu díoríitinnskotunum (Hjalti Franzson 1988), þar sem víða sést amfíbólkápa utan á pýroxeninum. Þessi ummyndun getur hafa orðið annað hvort meðan á kristöllun pýroxensins stóð, og þá vegna þess að jarðhitavökvinn flæðir inn eftir innskotinu meðan á kristölluninni stendur, eða að amfíból verður til við ummyndun pýroxensins eftir að díorítið hefur kristallazt. Svipaðri kristöllun amfíbóls hefur verið lýst í rofinni eldstöð í Geitafelli (Guðmundur Ómar Friðleifsson 1983). Amfíból-ummyndun pýroxens er einnig áberandi innan innskota neðst í holu 11 þar sem mestur hiti mælist. Vert er að hafa í huga þegar borin eru saman bergummyndun og ummyndunarbelti, að það fyrrnefnda styðst mestmegnis við svarfgreiningu og/eða þunnsneiðagreiningu, en það síðarnefnda mótast að miklu leyti af röntgengreiningum á leir. Dýpin, sem þunnsneiðarsýni eru tekin af annars vegar og röntgensýni hins vegar, eru oft mismunandi. Þar sem ummyndunarrásir eru víða þröngar í Nesjavallakerfinu, sérstaklega ofan klórít-epidótbeltisins, geta mismunandi sýnatökustaðir þunnsneiða og röntgensýna valdið einhverju misræmi.

2.1 Ummyndun glers

Gler er langalgengast í móbergsmyndunum sem eru ráðandi í efstu 600 m berglagastaflans, en minna í hraunlögum og innskotum dýpra í berggrunninum. Gler ummyndast að megninu til yfir í leir. Á myndum 2-5 eru dregnar fram upplýsingar á hvaða dýpi ferskt gler kemur fyrir og nefnt er í svarf- /þunnsneiðalýsingum. Meginniðurstaða er sú að þótt meirihluti glersins ummyndist innan smektít-zeólítabeltisins má finna vott af fersku gleri nær alls staðar innan þess beltis, en þegar niður í blandlagabelti er komið hefur allt gler ummyndazt. Samkvæmt því ætti gler að geta haldist ferskt upp að 200°C hita, en líklegt er að vatnslekt verði að vera lítil til að það haldist óummyndað. Athyglisvert er að ferskt gler er allt eins algengt í suðurhluta svæðisins, þar sem berghiti virðist mun hærri en ummyndun segir til um, og annars staðar þar sem ummyndun er í jafnvægi eða hærri en berghiti. Það gæti bent til að upphitunin í suðurhlutanum sé það "nýtilkomin", jarðsögulega séð að það hafi ekki enn náð að ummyndazt. Kalsítummyndunar á gleri verður sum staðar vart, sérstaklega við vatnsæðar í smektít-zeólítabeltinu. Sumir þessara staða eru merktir á myndum 10-12.

2.2 Ummyndun plagíóklasa

Ummyndun plagíóklasa virðist tengjast þremur tímaskeiðum. Elsta ummyndun hans er yfir í zeólíta og verður líklegast á þeim tíma þegar zeólítavirknin er sem mest (útfellingatímabil IV, sjá kafla 4 og mynd 9), og er hún mest áberandi í plagíóklasdílum. Þessi ummyndun sést í holu 7 og sérstaklega í holu 17, en væntanlega finnst hún einnig í öðrum holum þótt ekki sé hennar getið í lýsingum. Meginummyndun plagíóklasa fer líklegast fram á tímum háhitavirkninnar, og eru efri mörk þeirrar ummyndunar mest áberandi í tengslum við leir/kvars/prenít/wairakít út-

fellingatímabilið (V). Fyrsta stig þeirrar ummyndunar eru leirsprungur í plagíóklasa. Leirinn er daufgrænn og lítið pleókróískur, og svipar til einkenna klóríts. Upphaf leirmyndunar í plagíóklasa virðist falla nokkuð saman við efri mörkin á blandlagabeltinu, e.t.v. eilítið ofan við það. Næsta stig er ummyndun plagíóklasa yfir í albít. Upphaf hennar fellur almennt saman við efri skil klórítbeltisins, eins og bezt sést í holum 3, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 14. Í Kýrdal virðist albít byrja að myndast í afmörkuðum rásum innan blandlagabeltisins. Þriðja ummyndunartímabil plagíóklasa tengist kalsíti. Slík ummyndun virðist helzt koma fyrir nærri virkum vatnsæðum. Svipuð kalsítummyndun virðist koma fyrir í gleri og jafnvel pýroxen. Á myndum 10-12 er merkt við nokkra þá staði í borholunum þar sem slíkri ummyndun hefur verið lýst. Auk áðurnefndrar ummyndunar plagíóklasa verður innan klórít-epidót og epidót-amfíból beltisins vart ummyndunar hans í sphen, wairakít og epidót. Ekki hefur sérstaklega verið hugað að tengslum þessarar ummyndunar við aðra þætti í háhitakerfinu.

2.3 Ummyndun málmsteinda

Málmsteindir í bergi, sem aðallega teljast vera magnetít og að einhveju leyti ilmenít ummyndast að mestu yfir í sphen. Ummyndun þeirra var fyrst gaumur gefinn í holu 7, en hefur verið að nokkru fylgt eftir í öðrum holum. Í holum 17, 12, 16 og 10 birtist sphen fyrst neðarlega í blandlagabeltinu, en í holum 14, 9 og 8 verður fyrst vart við sphen ofarlega í klórítbeltinu. Í holu 18 kemur það fyrst fyrir við klórít-epidót mörkin. Athuga þyrfti nánar síðasttöldu staðsetninguna.

SKÝRINGAR VIÐ MYNDIR 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10, 11, 12



Skýringar við myndir 2,3,4,5,6,7,8,10,11 og 12.



Mynd 2. Sniðlína A-A'. Ummyndunarbelti og bergummyndun.



Mynd 3. Sniðlína B-B'. Ummyndunarbelti og bergummyndun.



Mynd 4. Sniðlína C-C'. Ummyndunarbelti og bergummyndun.

3. KRISTÖLLUN LEIRS Í HOLRÝMI

Gerð ummyndunarbelta hefur hingað til ráðist mjög af röntgengreiningu leirs. Leirinn er hrist-ur úr bergsýnum og er því sýni úr öllu berginu, bæði sem ummyndun í berginu sjálfu og sem útfelling í holrými. Athugunin sem lýst er hér er tilraun sem hefur það að markmiði að tengja breytingar í kristalgerð leirsins í holrými bergsins við röntgengreiningarnar.

Í töflu 1 er sýnt hvernig rekja má kristalgerðir leirsins í tíma í holu 6. Svipuð gögn eru til úr holum 7, 8, 9, 12 og 17. Í töflunni er greint á milli fjögurra tegunda leirs. Sú sem fyrst fellur út í holrými er illa kristölluð leirskán (Aml). Einnig er dæmi um að leirset setjist í botn holrým-is. Leirskán, sem finnst allt niður á botn holu 6, sem og í öðrum holum er vísbending um lágan myndunarhita. Næsta stig er þunnt lag af fínfjöðruðum leir (Ffl) sem setzt utan á leirskánina. Ofan á það setzt gróffjaðra leir (Gfl) og enn neðar virðast optískir eiginleikar leirsins breytast og verður hann mjög bjartleitur og hápleókróískur (Hpl) (líklega er hér um að ræða blandleir). Í svarfgreiningu í víðsjá virðist sá leir vera mjög dökkgrænn. Enn neðar má greina sama gróf-fjaðraða leirinn verða daufgrænan og aðeins lítið eitt pleókróískan (Dgl), en það eru eiginleikar sem bezt eiga við klórít. Í víðsjánni virðist sá leir vera mun ljósari en sá dökkgræni. Þessi röð-un leirs í holrými segir þá sögu að berglögin hafi orðið fyrir stighækkandi hita frá dæmigerðri lághitavirkni til háhita. Þótt leirinn sé, þegar komið er niður í háan hita, orðinn að klóríti, má sjá á áðurnefndri kristalbyggingu hvort viðkomandi leir hafi upphaflega kristallazt sem lághita smektít, fínfjaðra eða gróffjaðra smektít, blandleir eða klórít.

Fróðlegt þótti að taka saman tiltækar lýsingar og fella þær inn í ummyndunarbeltin, en sú belta-skipting byggist sem áður sagði að mestu leyti á röntgengreiningu leirsins. Þessi samanburður er sýndur á myndum 5-8. Leirskán virðist byrja að myndast um leið og komið er niður í zeólíta-smektítbelti. Ofan á það lag leggst fínfjaðrað smektít. Þetta fínfjaðra smektít er svæða-bundið innan smektít-zeólítabeltisins (t.d. við holu 6) og virðist háð hita og/eða lekt. Næsta stig er grófkristöllun leirsins, sem enn er smektít. Sumstaðar virðist vera samhangandi þróun í kristöllun frá fínfjaðra yfir í gróffjaðra leir, en annars staðar leggst nýr gróffjaðra leir ofan á þann fínfjaðra. Gróffjaðra leir (smektít) finnst í neðri helming smektít-zeólíta beltisins. Aðeins í holu 8 virðist gróffjaðra leir ekki finnast fyrr en komið er í blandlaga- og klórítbelti, og gæti það verið enn ein vísbendingin um hvað "yfirhitunin" í hluta jarðhitakerfisins er jarðfræðilega ung. Hápleókróískur gróffjaðraður leir finnst yfirleitt fyrst nærri efri mörkum blandleirsins eins og hann greinist í röntgeni, en einnig virðast efri mörk hans geta legið eitthvað neðar og allt niður í klórítbeltið (t.d. í holu 8 og 18). Það síðarnefnda gæti stafað af fæð greininga. Dauf-grænn gróffjaðra leir (Dgl) kemur yfirleitt fyrst fyrir neðan þess hápleókróíska (Hpl). Efri mörk hans virðist falla nærri efri mörkum klórítbeltisins, þótt ekki sé það einhlítt, því í holu 7 virðist hann finnast bæði við mörk blandlagabeltisins og rétt ofan marka klórít-epidótbeltisins.

Tafla 1. Nesjavellir. Lagskipting leirs í holu NG-6.

Dýpi (m)	*Röðun leirs í holrými*			
16	leirskán,amorf			
30	leirskán,amorf			
38	leirskán,amorf			
40	leirskán,amorf			
48	leirskán,amorf			
54	leirskán,amorf			
66	leirskán,amorf			
74	leirskán,amorf			
84	leirskán,amorf			
94	leirskán,amorf			
104	leirskán,amorf			
124	leirskán,amorf			
138	leirskán,amorf			
164	leirskán,amorf	finfjaðra		
165	leirskán,amorf	finfjaðra		
182	leirskán,amorf	finfjaðra		
194	leirskán,amorf	finfjaðra		
210		finfjaðra		
216	leirskán,amorf	finfjaðra		
225	leirskán,amorf	finfjaðra		
230	leirskán,amorf			
240	leirskán,amorf			
252	leirskán,amorf			
268	leirskán,amorf	finfjaðra		
284	leirskán,amorf			
310	set/leirskán,amorph			
	leirskán,amorf	finfjaðra		
336	leirskán,amorf	finfjaðra		
346		finfjaðra		
366	leirskán,amorf	finfjaðra		
388	leirskán,amorf	finfjaðra		
466	leirskán,amorf			
474		finfjaðra		
496		finfjaðra		
530	leirskán,amorf	finfjaðra		
538		finfjaðra	gróffjaðra "smectit"	
550	leirskán,amorf	finfjaðra		
554	leirskán,amorf		gróffjaðra "smectit"	
	leirskán,amorf	finfjaðra		
558	leirskán,amorf	fjaðrað sm		
566	leirskán,amorf	finfjaðra		
570		fjaðrað sm	gróffjaðra "smectit"	
574	leirskán,amorf	fjaðrað sm		
576	leirskán,amorf	finfjaðra	gróffjaðra "smectit"	
580	leirskán,amorf		gróffjaðra "smectit"	
582	leirskán,amorf		gróffjaðra "smectit"	
592		finfjaðra		
610	leirskán,amorf	finfjaðra		
622	leirskán,amorf	fjaðrað sm		
630			gróffjaðra "smectit"	gróff.hápleókr
632			gróffjaðra "smectit"	gróff.hápleókr
636		fjaðrað sm	gróffjaðra "smectit"	gróff.hápleókr
648		finfjaðra	gróffjaðra "smectit"	
654			gróffjaðra "smectit"	
	leirskán,amorf			
668		fjaðrað sm		
698			gróff.hápleókr	
714			gróffjaðra "smectit"	
722		fjaðrað sm	gróff.hápleókr	
730			gróff.hápleókr	
742			gróff. klóritlegt +blandlagslegt+smektítlegt	
760	leirskán,amorf		gróff. klóritlegt +blandlagslegt	
764	leirskán,amorf	finfjaðra	gróff.hápleókr	
768		finfjaðra	gróff.hápleókr	
776		finfjaðra		
780		finfjaðra	gróff.hápleókr	
792	leirskán,amorf		gróff.hápleókr	
798	leirskán,amorf		gróff.hápleókr	
808			gróff. klóritlegur	
818	leirskán,amorf		gróff.hápleókr	
824	leirskán,amorf		gróff.hápleókr	
834			gróff.hápleókr	
848			gróff.hápleókr	
860			gróff. klóritlegur	gróff.hápleókr
868			gróff.hápleókr	
882		finfjaðra	gróff.hápleókr	
904			gróff.hápleókr	
912			gróff.hápleókr	
920			gróff.hápleókr	
930		finfjaðra	gróff.hápleókr	
936			gróff.hápleókr	
940			gróff.hápleókr	
952	leirskán,amorf			klórít(daufgrænn og lítt pleókrólskur
958			gróff.hápleókr	
966			gróff.hápleókr	
976			gróff.hápleókr	
988			gróff.hápleókr	
992			gróff.hápleókr	
1020				klórít (daufgrænn og lítt pleókrólskur)
1038			gróff.hápleókr	
1044			gróff.hápleókr	klórít (daufgrænn og lítt pleókrólskur)
1062			gróff.hápleókr	klórít (daufgrænn og lítt pleókrólskur)
1082			gróff.hápleókr	



Mynd 5. Sniðlína D-D'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og bergummyndun. Samanburður ummyndunar og berghita og kalsítummyndun bergs.



Mynd 6. Sniðlína A-A'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs.



Mynd 7. Sniðlína B-B'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs.



Mynd 8. Sniðlína C-C'. Ummyndunarbelti, vatnsæðar og kristöllun leirs.

4. TÍMASKEIÐ Í JARÐHITAKERFINU

4.1 Þróun jarðhitakerfis

Ummyndun er flókið samspil milli jarðhitavökva og bergs. Einn þáttur þess samspils eru útfellingar í holrými bergsins. Röðun útfellinga í holrými getur gefið sterkar vísbendingar um ástand jarðhitakerfisins og þær breytingar sem orðið hafa á líftíma þess. Í rannsóknum á ummyndun í Nesjavallakerfinu var nokkuð hugað að hvernig útfellingarnar röðuðu sér og var þeim athugunum að nokkru gerð skil í lokaskýrslum um holur NG-6 og NG-7. Mjög mismikil áherzla var lögð á slíkar athuganir í einstökum holum enda e.t.v. ekki beint hluti af venjubundinni úrvinnslu gagna um borholur á Nesjavöllum. Samtals voru athugaðar um 1100 útfellingaraðir, aðallega úr holum 6, 7, 8, 9, 12 og 17, en minna frá öðrum holum. Í þessari umfjöllun hefur verið farið í gegnum öll gögn þar sem slík röðun hefur verið athuguð og eru þau tilgreind í töflu 2 í viðauka. Í töflunni eru elztu steindirnar vinstra megin en yngjast til hægri. Breytilegar skyggingar á einstakar steindir og steindasamfélög eru notaðar til að auðvelda lestur töflunnar. Unnt er að raða útfellingum í ákveðin tímaskeið og eru hugmyndir settar fram um tengingu þeirra við ákveðna jarðfræðilega atburði í sögu Hengilkerfisins. Þessar hugmyndir eru sýndar á mynd 9.

Háhitakerfi eru langlíf og er talið að þau hafi heldur skemmri eða svipaðan líftíma og sú megineldstöð sem þau tengjast. Það þýðir að taka verður tillit til upphleðslu (fergingar) gosefna og innskota þegar litið er á heildarsögu jarðhitans í megineldstöð. Á mynd 9 er gert ráð fyrir upphleðslu gosefna og að innan háhitakerfisins verða einstakir jarðhitaatburðir, sem stjórnast af því sem gerist í eldstöðinni, svo sem breytilegri vatnsgæfni berggrunnsins (sprungumyndun, þétting bergsins vegna fergingar og holufyllinga), upphitun (kvikuinnstreymis), eða kælingar (varmaleiðni eða innrás grunnvatnskerfa). Hér á eftir er fjallað um helztu tímabil í þróun jarðhitakerfisins á Nesjavöllum:

Útfellingakerfi I.

Talið er að aldur Hengilskerfisins sem megineldstöðvar geti verið um 300.000 ár en sú tilgáta byggir á breytingu í upphleðslu í berggrunninum (þ.e. úr hraunlagaupphleðslu yfir í ráðandi móbergsupphleðslu). Samkvæmt yfirborðs- kortlagningu var sprungusveimur sem kenndur er við Grensdal, austan Hengils, virkur með tilheyrandi háhitavirkni fyrir þann tíma (Knútur Árnason o.fl. 1986). Gera má því ráð fyrir að við upphaf Hengilssprungureinar hafi yfirborð legið 5-600 m neðan við núverandi yfirborð Nesjavalla. Á þeim tíma má einnig gera ráð fyrir að ríkt hafi svipað hitaástand í berggrunni og vænta má í gosbelti utan háhitasvæða. Slík ummyndun lýsir sér í 300-400 m þykkum stafla þar sem kalt grunnvatnskerfi ræður ríkjum og engar útfellingar myndast, nema e.t.v. límonít. Ópall sezt síðan til í vatninu og þar neðan við kemur í zeólítabelti, svipað og lýst hefur verið af Walker á Austurlandi (Walker 1960). Vísbendingar um þetta kerfi eru óljósar, nema að víða má greina límonít, illa kristallað smektít, ópal og kalsedón við jaðra holrýma, en líklegast eru zeólítar þessa tímaskeiðs að mestu horfnir.

Útfellingakerfi II.

Elztu ummerki háhitaummyndunar í berggrunni Nesjavalla tengjast ísúrum innskotum. Þótt flestar upplýsingar sem til eru um röðun útfellinga við ísúr innskot hafi verið skráðar í holu 7 er öruggt að svipaðar aðstæður finnast í öðrum holum. Meginsteindir sem sjást í holrýmum við

þau innskot er kalífeldspat (líklega adúlaría) ásamt wollastoníti. Amfíból tengist þessari ummyndun líka, bæði sem útfelling í holrými og sem kápa utan á pýroxeni. Ummyndun pýroxensins gæti annað hvort verið samtíma kristöllun pýroxensins, þ.e. kristöllun kviku í vatnsmettuðu umhverfi, eða síðari jarðhitaummyndun. Adúlaría er nær alls staðar við jaðra holrýmis, og hefur grófkristallaður leir sjaldnast náð að kristallast undir honum, en það bendir til að aðstæður zeólíta-smektítbeltis hafi verið ríkjandi áður en ísúru innskotin leiddu háhitakerfið á þessar slóðir. Athyglisvert er að lekt er enn mikil við ísúru innskotin, þrátt fyrir að því er virðist háan aldur þeirra (um 80.000 ár ?).

Þótt útfellingar samtíma ísúru innskotavirkninni séu þær fyrstu sem sjást greinilega í Nesjavallakerfinu, þarf það ekki að benda til að þar sé að finna upphaf háhitavirkni í Hengilseldstöðinni allri. Nesjavallakerfið er samkvæmt rannsóknum við norðurjaðar Hengilsjarðhitakerfisins. Upphaf háhitavirkni á Nesjavöllum getur því allt eins markað útþenslu eða færslu á eldra háhitakerfi með upptök nærri miðju eldstöðvarinnar. Tengslin við ísúrt berg bendir þó til þess að háhitavirknin tengist virkni í megineldstöð.

Útfellingakerfi III.

Ekki er unnt að setja skörp skil á milli útfellinga sem tengjast jarðhitakerfi ísúru innskotanna og þessum útfellingum. Epidót er mest áberandi í þessu steindasamfélagi, en klórít, wollastonít, granat, kvars, amfíból og súlfíð koma hér einnig við sögu. Vafalítið má vinna meir út úr þeim gögnum sem tengjast þessu útfellingatímabili, en það verður að bíða betri tíma.

Útfellingakerfi IV.

Zeólítakerfið er mjög áberandi á Nesjavöllum, og nær niður á allt að 1200 m dýpi út við jaðra háhitakerfisins. Þetta útfellingatímabil er talið efsti hluti á háhitakerfanna tveggja sem áður eru talin, og hugsanlegt er að elstu zeólítarnir hafi myndast fyrir tíma háhitavirkni á Nesjavöllum (I.). Aldursröð zeólítanna virðist vera:

(Analsím >) tomsonít > (heulandít >/+) stilbít > skólesít/mesólít > mordenít > laumontít.

Einkenni þessarar raðar er að þeir elztu þola minnstan hita en þeir yngstu eru stöðugir við hærri hita. Röðunin bendir því til stighækkandi hitnunar berggrunnsins Ekki eru sjáanleg nein skil innan þessa tímabils sem bent gæti til samsvarandi skila í háhitaskeiðum í neðri hluta jarðhitakerfisins.

Útfellingakerfi V.

Mjög áberandi breyting verður við upphaf þessa jarðhitaskeiðs, sérstaklega í zeólítahluta kerfisins, þar sem zeólítar taka að brotna niður og aðrar steindir myndast í þeirra stað. Þessi breyting sést í öllum holum á svæðinu, og er jafn greinileg í holu 18 sem í holu 8. Upphaf þessarar breytingar er leirkristöllun, sem annað hvort verður við jaðra holrýmis og undir zeólítunum, eða ofan á zeólítunum. Í fyrrnefnda tilvikinu má víða greina grófkristallaðan leir þrengja sér inn í kristalfleti zeólítanna. Í síðara tilfellinu er yfirleitt um að ræða fín- til meðalkorna leir sem sezt ofan á zeólítana ofarlega í kerfinu. Zeólítarnir eru víða horfnir, sérstaklega í nágrenni virkra vatnsæða. Þar sem þeir eru horfnir má enn sjá móta fyrir þeim í þeim steindum sem myndast hafa á þeirra kostnað (pseudomorph). Víða hafa þeir aðeins horfið að hluta til og því unnt að greina betur hvaða steindir eru að myndast á kostnað hverra. Í töflu 3 er sýnt samspil zeólíta og afsprengi þeirra. Í nær helming tilvika hverfa zeólítarnir yfir í kvars, en algengt er að sjá þá breytast yfir í wairakít, og á það einkum við um stilbít og laumontít. Kalsít myndast einnig á kostnað zeólíta. Víða sést leir vaxa og þrengja sér inn í laumontít, en ekki greinist

hvort um er að ræða efnaskipti á milli þessara steinda eða að leirinn sé að taka yfir pláss laumontíts um leið og það leysist upp. Mögulegt er að á einum stað megi greina laumontít breytast yfir í prenít. Greinilega má fylgja eftir þessu steindasamfélagi, þ.e. leir (smektít, blandleir, klórít), kvars, wairakít og prenít yfir mestan hluta jarðhitakerfisins. Eins og áður er getið fellur leirinn út fyrst. Aðrar steindir hafa ekki einhlíta aldursröð. Kvars virðist þó fjórum sinnum oftar vera á undan wairakíti en öfugt (53 skipti á móti 12 samkvæmt töflu 2 í viðauka), og ef litið er á hvað kvars er ráðandi í ummyndun á zeólítunum má ef til vill álykta að það bendi til að kvarsummyndunin hafi tekið fyrr við sér en wairakítummyndunin. Prenít kemur jafnoft fyrir á undan og eftir kvarsi og wairakíti.

Tafla 3. Nesjavellir. Ummyndun zeólíta.

	Laumontít	Kvars	Wairakít	Prenít	Leir	Kalsít
Stilbít	2	6	4			
Fínfj. zeólít		11	1			
Mordenít	1	5				1
Mesólít		3				1
Skólesít		2	1			
Laumontít		9	7	1	9	
Óskilgr. zeólít		1	1			2
Analsím						1
Samtals	3	37	14	1	9	5

Útfellingakerfi VI.

Síðasta útfellingaskeiðið í Nesjavallakerfinu einkennist af kalsíti (karbónat), sem sést alls staðar þar sem hiti kerfisins er neðan 290-300°C. Í fáum tilfella má greina kalsít inn í röðinni, en talið er líklegt að þar hafi það þrengt sér inn á milli steinda. Vísbendingar eru um að þeir staðir í jarðhitakerfinu þar sem kalsít treðst þannig inn á milli steindaraða, sé þar sem kalsítvirknin er mest (þ.e. kalsít útfellingar og bergummyndun). Í efri hluta kerfisins, sem sérstaklega var skoðað í holu 7, virðist koma fram viss þróun í kalsít. Ofan við jarðhitakerfið verður víða vart við sveipmyndað karbónat sem talið er aragonít. Neðar tekur við leirborið kalsít. Síðar í tíma og enn neðar í kerfinu kemur vel kristallað (euhedral) kalsít. Þar er einnig unnt að greina á stöku stað trefjótt kalsít, sérstaklega þar sem fyrirfinnst óvenju mikil bergummyndun. Súlfíð (pýrít) tengist greinilega við kalsítútfellingarnar. Nánar er fjallað um mögulega þýðingu kalsíts í útfellingum í Nesjavallakerfinu í kafla 6.

Neðan til á mynd 9 eru settar fram hugmyndir að tengingu jarðfræðiatburða við þróun í jarðhitakerfinu. Þar er fyrst tímasett upphaf Hengilssveimsins. Upphaf háhitavirkninnar í Nesjavallakerfinu er tengt ísúrum og súrum móbergsmyndunum sem finnast í Sleggju og tímasettar hafa verið á síðasta jökulskeið eða um 80.000 ára (Knútur Árnason o.fl. 1986). Þessi tenging er nokkuð óræð þar sem ekki eru til neinar efnagreiningar af innskotunum til samanburðar við gosefni á yfirborði. Upplýsingar úr holu KhG-1 við Kolviðarhól mæla á móti tengingu þarna á milli, þar sem engra ísúrra innskota verður vart, þrátt fyrir að sú hola sé mun nær Sleggju en Nesjavallaholurnar. Vel má þó vera að ísúru innskotin séu ekki svo langt undan, a.m.k. er flúor innihald jarðhitavökvans í Kolviðarhólsholunni mun hærra en í mörgum Nesajvallaholanna (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1993). Talið er að Hengilsstapinn sunnan Nesjavalla hafi hlaðist upp fyrir um 60.000 árum. Meginhluti upphleðslu stapans hefur orðið í miðju hans, en hluti á

gossprungu sunnarlega í Kýrdalshrygg. Mögulega má tengja þennan atburð við megin-háhitaummyndunina í Nesjavöllum. Tvö sprungugos hafa orðið í Kýrdalshrygg eftir að ísöld lauk, það fyrra fyrir um 7000 árum, og það síðara fyrir um 2000 árum. Fersklegu innskotin sem finnast víða í jarðhitageyminum og eru vel vatnsleiðandi, gætu hafa myndast í þessum goshrinum. Staðfesta þyrfti slíka tengingu með samanburði á efnagreiningu á innskotunum og yfirborðsbergi þessara gosa. Gosgangar svo sem eins og þeir sem liggja neðan Kýrdalshryggs geta bæði virkað sem góðir veitar á grunnvatn en einnig sem hindrun á rennsli. Talið er mögulegt að berggangur síðara gossins hafi orðið til þess að streymi jarðhitavökva inn í Kýrdal hafi minnkað, og kæling þar sé mun meira áberandi af þeim sökum. Árið 1789 urðu tektónískar hreyfingar sem greinileg merki eru um á Hengilssprungusveimnum. Vel má vera að þessi atburður hafi haft einhver áhrif á ástand jarðhitakerfisins.

Athyglisvert er hvað gott samræmi er í aldursröðun útfellinga yfir allt svæðið og sérstaklega hve breytingarnar eru alls staðar samstíga. Það er sérstaklega áberandi þegar útfellingakerfi V tekur völdin. Ein ástæðan fyrir því gæti verið sú að lektin í jarðhitakerfinu sé svo góð að allar hitabreytingar breiðist hratt út um kerfið. Góð lekt eftir gosrásum neðan Kýrdalshryggjar myndi flytja vökvann fljótt og vel milli einstakra undirsvæða.

4.2 Frávik í röðun útfellinga

Röðun útfellinga í holrými er stundum ekki einhlít í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum eins og nokkur eftirfarandi dæmi sýna:

Greinileg merki eru um að zeólítar eru að breytast í kvars, wairakít og kalsít, eins og vikið er að síðar. Innbyrðis röð þeirra getur því raskast þar sem myndun þeirra fer að nokkru eftir tegund zeólítanna en ekki tíma. Sá háhitafasi sem kemur þessari umbreytingu af stað veldur í fyrstu útfellingu á leir. Leir þessi virðist þó ýmist kristallast ofan á zeólítunum eða undir þeim. Þessi afstæði ruglingur hefur víða verið leiðréttur í töflunni, en ekki víst að svo hafi verið gert alls staðar.

Kvars er ekki ætíð sundurgreint nægilega og þyrfti að hyggja betur að því í framtíðinni. Víða er ekki getið hvort það kvars sé vegna breytingar á ópal eða kalsedon yfir í kvars, hvort um sé að ræða ummyndun zeólíta eða beina kristöllun þess úr jarðhitavökva.

Kalsít virðist eiga auðvelt með að smjúga inn á milli steindalaga og á þann hátt villa um fyrir sínu rétta "röðunarsæti". Slík ítroðsla kalsíts virðist áberandi í tengslum við mikla kalsítummyndun bergs. Ekki er unnt þó að útiloka að kalsít hafi einnig fallið út á eldri jarðhitaskeiðum.

Wollastonít er í sumum tilvika erfitt að setja í röðunarsæti, þar sem það er svo fínfjaðra að erfitt er að greina upphafsflöt kristöllunarinnar.

Granat og amfíból er einnig erfitt að setja í tímaröðun þar sem allt eins líklegt er að þær steindir, að einhverju leyti a.m.k., geti verið ummyndun á t.d. leir.

Leirútfellingar eru breytilegar eins og vikið er að annars staðar í skýrslunni. Fyrst virðist illa kristallaður ("amorf") leir setjast á holuveggi, en í sumum tilvika getur vel verið leirkristöllun á glerinu í holuveggjunum. Næst kemur fínfjaðra til smáfjaðra leir, og þar á eftir gróffjaðraður leir. Þegar kemur í nægilegan hita breytist hann í blandlög og/eða klórít, en sjá má af áðurnefndri kristöllun, hvort upphaflega hafi verið að ræða smektít eða aðra leirtegund. Þessum breytileika í kristöllun var ekki alltaf fylgt eftir þegar röðun steinda var athuguð.



Mynd 9. Þróun jarðhitakerfisins á Nesjavöllum.

5. SAMANBURÐUR UMMYNDUNAR OG BERGHITA

Nokkur munur er á áætluðum berghita og ummyndunarhita í Nesjavallakerfinu. Hvoru tveggja eru nálganir, sem ráðast af óvissu í áætluðum berghita (nálgunum á upphitunarferlum borhola) og rennslissamspili vatnsæða sem holan sker, suðu, og hvort hitajafnvægi náðist í holunum áður en blástur hófst. Hvað ummyndun varðar stjórnast óvissan að hluta til af árvekni svarfgreinandans fyrir tilveru ummyndunarsteindanna og þess sýnafjölda sem tekinn er til nákvæmari greininga.

Í samantektarskýrlsu um borholujarðfræði Nesjavalla (Hjalti Franzson 1988) var fjallað eilítið um mun á ummyndunarhita og berghita og sýnt fram á að líklegast væri hluti kerfisins að hitna meðan aðrir hlutar væru í jafnvægi eða að kólna. Hér er gengið enn lengra og hver hola greind m.t.t. þessara þátta. Á myndum 5 og 10-12 er þessi samanburður sýndur í holum 6-18 og sýnt hvar samræmi er á milli mælds hita og ummyndunar, hvar berghiti er hærri og hvar berghiti er lægri en ummyndunarhiti. Einnig gefur breidd kassanna á myndinni vísbendingar um hvort um áberandi kælingu/hitnun er að ræða eða óverulega. Þessi samanburður dregur fram ákveðna mynd af þeim hluta kerfisins þar sem hiti er hærri en ummyndun segir til um. Eins og vænta mátti er hún mest áberandi syðst á svæðinu og svo fram með Kýrdalshrygg austanverðum. Hitatunga sést einnig greinilega leita út frá suðurhluta svæðisins og til austurs frá Kýrdalshryggnum. Í holu 15 liggur sú tunga á 500-1000 m dýpi, í 13 neðan 500 m dýpis, í 14 milli 400 og 800 m dýpis og í 9 ofan 800 m, ofan 900 m í holu 6, og milli 700-1200 m í holu 16. Athyglisvert er að í sumum holanna (eins og holu 10, 9 og 15) varð ekki vart við vatnsæðar á slóðum hitatungunnar. Á sama hátt virðast æðar ekki vera áberandi í Kýrdal þar sem kælingin er mest ofarlega í kerfinu.

Samanburður hita og ummyndunar gefur einning til kynna kælingu í jarðhitakerfinu. Við austurjaðar kerfisins verður vart kælingar í neðri hluta hola 14, 15, 10 og 7. Í holu 10 verður einnig vart kælingar á 500-700 m dýpi, ofan áðurnefndrar hitatungu. Í holu 16, í norðurhluta svæðisins, verður vart kælingar ofan hitatungunnar, á 300- 600 m dýpi, sem og neðan hennar (>1200 m). Neðan 1000 m holu 18 verður merkjanleg kæling alveg niður á botn holunnar. Í Kýrdal er kæling ráðandi þar sem holu 17 og 18 hafa kólnað miðað við ummyndun nema e.t.v. við botnæðina í holu 12. Kælingin er mest áberandi ofan 700-800 m dýpis, heldur minni þaðan og niður á um 1600 m dýpi. Þar fyrir neðan virðist komast á hitajafnvægi við ummyndun í holu 12, en í holu 17 er áberandi kæling.

Meirihluti vatnsæða sem holurnar skera neðan 1400 m dýpis tengjast ísúrum innskotum. Þær æðar eru yfirleitt vel vatnsgengar, en líkur eru á að þar sem þær teljast vera með elstu vatnsæðum í jarðhitakerfinu, hafi yngri innskot og e.t.v. misgengi nær Hengli aftengt þær vatnsæðar að einhverju leyti frá megin jarðhitastreyminu í suðri. Ísúru innskotin eru víðfeðm, og eru jafn algeng í suðurhluta borsvæðisins sem í norðurhluta þess. Jafnvel er líklegt að þau nái út fyrir hefðbundin mörk kerfisins. Þau gætu því verið í tengslum við kaldari kerfi og geta á þann hátt veitt kaldari vökva inn í jarðhitakerfið. Þrír samverkandi þættir gætu skýrt þá miklu kælingu sem vart verður við í Kýrdal. Í fyrsta lagi er líklegt að berggangar í Kýrdalshrygg, sem eru yngri en útfellingatímabil V (sjá kafla 4) hefti að einhverju leyti rennsli inn í Kýrdal. Í öðru lagi hafa vatnsæðar við ísúru innskotin sams konar áhrif og lýst var austan Kýrdalshryggjar. Fróðlegt er að botnæð holu 12 virðist tengd basaltinnskoti en ekki ísúru innskoti. Í þriðja lagi getur

áberandi kæling í efstu 800 m berglagastaflans í holum 17 og 12 orsakast af aukinni lekt eftir mjög virku sprungubelti vestan og norðan Kýrdals (efstu hundruð metra í holu 18 hafi alltaf verið í köldu grunnvatnskerfi).



Mynd 10. Sniðlína A-A'. Samanburður ummyndunar- og berghita, og kalsítummyndun bergs.



Mynd 11. Sniðlína B-B'. Samanburður ummyndunar og berghita, og kalsítummyndun bergs.



Mynd 12. Sniðlína C-C'. Samanburður ummyndunar- og berghita, og kalsítummyndun bergs.

6. UMRÆÐA

Gögnin sem borin eru á borð í þessari skýrslu bera það með sér að þegar þeim var safnað meðan á bortíma stóð, var um nokkra tilraunastarfsemi að ræða og ekki fullljóst hver niðurstaðan yrði. Til dæmis hafði ekki áður verið kannað nema að litlu leyti hvernig ummyndun bergsins þróaðist með hita og dýpi í jarðhitakerfinu, eða hvernig leirkristöllun breytist með dýpi.

Á mynd 13 er sýnt yfirlit yfir efri mörk á breytingum sem verða í bergummyndun og leirkristöllun miðað við staðsetningu innan ummyndunarbelta eins og nánar var fjallað um hér að framan. Myndin sýnir augljóslega að unnt er að styðjast við þessa ummyndun í framtíðinni við gerð ummyndunarbelta, þar sem leirskán og fínfjaðra leir í blöðrum markar smektít-zeólíta belti, hápleókróíski leirinn, leirummyndun plagíóklasa og hvarf fersks glers benda til að komið sé niður í blandlagabeltið, og að daufgrænn leir, albít og sphen marki upphaf klóritbeltisins. Nokkur óvissa er í staðsetningu þessara marka sérstaklega með tilliti til hvar daufgræni leirinn (Dgl) byrjar, og hvar efri mörk leir- (Pll) og albítummyndunar (Ab) plagíóklasa verða. Einnig eru dýptarmörk á sphen-ummyndun (Sph) nokkuð óljós. Möguleg ástæða þessarar óvissu er dýptarmisræmi milli röntgensýna og þunnsneiðasýna, sem getur skipt sköpum þegar verið er að rekja tiltölulega afmörkuð ummyndunarbelti, og hins vegar kann að vera að ekki hafi verið fylgst nægilega með þessum ummyndunarþáttum við þunnsneiðaskoðun. Þessi óvissa er í sumum tilvika fremur léttvæg sé hún skoðuð með tilliti til hvað blandlagabeltið og klóritbeltið eru víða fremur þunn. Er því von til að með nánari skoðun megi minnka óvissu greininga af þessu tagi.

Samantekt gagna sem varða þróun jarðhitakerfisins á Nesjavöllum í tíma staðfestir að miklum hluta þá mynd sem sett var fram í yfirlitsskýrslu höfundar (Hjalti Franzson 1988). Helstu viðbæturnar eru betri tenging zeólítabeltanna við önnur jarðhitaskeið og svo yfirlit yfir heildarþróun jarðhitakerfisins þar sem tillit er tekið til líklegrar upphleðslu í Hengilskerfinu. Staðsetning Nesjavallaholanna er mjög sérstök þar sem þær eru við útkant stærra jarðhitakerfis Hengils. Svo virðist sem í sögu svæðisins hafi komið tiltölulega skammvinn jarðhitaskeið (á jarðfræðilegan mælikvarða) sem náð hafa að setja mark á eldri ummyndun. Ekki er að fullu ljóst hvort Nesjavallakerfið er að kólna, hitna upp eða hvoru tveggja. Samanburður á ummyndunarhita og berghita gefur til kynna að í suðurhlutanum og austan í Kýrdalshryggnum virðist berghiti vera öllu hærri en ummyndun segir til um, en annars staðar á svæðinu er jafnvægi eða að ummyndun segir til um meiri hita en berghiti mælist. Samkvæmt því eru stórir hlutar Nesjavallakerfisins að hitna en aðrir hlutar að kólna. Rétt er þó að hafa í huga að hiti ummyndunarinnar er grundvallaður á steindum sem ekki virðast lengur vera að myndast (m.a. blandlög, klórít, epidót, amfíból, wairakít, zeólíta).

Kalsít aftur á móti er sú steind sem síðast sést falla út úr jarðhitakerfinu. Síðustu skref þróunar jarðhitakerfisins ættu því að greinast best í þeirri steind. Felling kalsíts getur orðið a.m.k. með þrennum hætti, þ.e. við suðu, upphitun og með auknu CO_2 magni. Hér á eftir verður hugað að því hvernig þessar þrjár leiðir útfellingar passa við jarðhitakerfið á Nesjavöllum:

Útfelling kalsíts við suðu er þekkt fyrirbrigði. Mögulega getur kalsít hafa myndazt í Nesjavallakerfinu vegna suðu í jarðhitakerfinu. Samkvæmt núverandi ástandi í kerfinu er líklegt að suða sé í suðurhluta svæðisins og að einhverju leyti fram með austanverðum Kýrdalshrygg. Kalsít, þar á meðal plötukalsít, virðist þó ekki vera neitt algengara á því svæði en annars staðar og tengsl þess við suðu ekki ljós.

Upphitun jarðhitavökva getur valdið yfirmettun hans með tilliti til kalsíts. Þetta getur gerst þegar kaldari vökvi streymir inn í jarðhitakerfi og hitnar við snertingu við heitara berg jarðhitakerfisins.

Vökvabólur hafa lítillega verið athugaðar í holum 17 og 18. Yfirleitt er vökvabóluhiti hærri í kvarsi en í kalsíti. Af því hefur leitt að kalsít hefur verið tekið sem merki um kælingu í jarðhitakerfi Nesjavalla. Í holu 18 voru mældar vökvabólur í plötulaga kalsít kristöllum á 1100-1700 m dýpi, sem talið er að myndist í sjóðandi jarðhitakerfi. Hitinn sem þar mældist liggur frá suðuborði og niður að áætluðum berghita. Í sumum tilfella reyndust sekúnderar bólur hafa heldur lægri hita en þær sem prímerar voru. Einkenni þessa plötukalsíts, sem og hefur fundist víðar en á Nesjavöllum, er að húð af smákristölluðu kvarsi sem hefur fallið síðar út á yfirborði þess. Í holu 18 er plötukalsítið vísbending um að áður hafi mun hærri hiti ríkt í jarðhitakerfinu. Spurningin sem svara þarf er hvort plötukalsítið í holu 18 sé af sama meiði og annað kalsít sem finnst í jarðhitakerfinu. Vökvabólur í kalsíti á rúmlega 600 m dýpi í holu 17 sýndu mun hærri hita en áætlaðan berghita (30-130°C). Á um 1350 m dýpi mælast kalsít vökvabólurnar mun nær mældum hita (yfirleitt +/- 20°C). Engar vökvabólurannsóknir hafa verið gerðar á kalsítinu sem finnst í neðsta hluta holu 17. Vökvabólur mældar í þessum tveimur holum, sem báðar eru vestan megin við Kýrdalshrygg, sýna því greinilega að núverandi berghiti er lægri en vökvabóluhiti í kalsíti.

Heldur erfiðara er að gera sér grein fyrir hvort innstreymið sem nú hitar upp hluta jarðhitakerfisins felli út kalsít, því sá vökvi hlýtur að kólna við að hita upp bergið og þar með að fjarlægjast yfirmettun. Á hinn bóginn getur það leitt til þess að poruvökvinn í berginu hitni upp og nái að yfirmettast með tilliti til kalsíts og e.t.v. að fella það út.

Kalsítútfellingar í holu 7 voru skoðaðar og virtist þróunin þar vera frá leirkenndu illa kristölluðu kalsíti yfir í sveipmyndað karbónat sem líklega er aragonít og síðan yfir í vel kristallað kalsít. Aragonít virðist, samkvæmt athugunum á Nesjavöllum og jarðhitakerfum á Reykjanesi, myndast utan við jaðar eiginlegs háhitakerfis og túlkast því sem útfelling við lágan hita. Það er því viss tilhneiging til að túlka þessa röðun sem merki um upphitun í jarðhitakerfinu.

